

FRÆÐSLA FULLORÐINNA



Kvennahópur
í fullorðinna-
fræðslu í
Mosambik.

Vilja sjá ljósið Í mörgum ríkjum Afríku er ólæsi mikið

Stefán Jón Hafstein

ÓLÆSI er myrkur samkvæmt fólkinu sem nú þráir að sjá ljósið og gengur til lestrarkennslu á fullorðinsaldri. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur lagt fræðslu fullorðinna lið í Mósambík, Malaví og Úganda, enda ólæsi mikið. Reyndar er það svo enn að þessi lönd eins og mörg önnur hafa ekki undan að mennta fullorðna, því alltaf bætast við nýir í hópinn af því

að grunnskólar eru illa búnir, brottfall úr þeim er mikið og nýjar kynslóðir ólæsra bætast stöðugt við. Í afskekktum héruðum getur allt upp undir helmingur íbúa verið ólæs eða því sem næst.

Á dögnum hittum við fólk sem tekur þátt í fullorðinnafræðslu sem Íslendingar styðja í Mósambík. Konur segja að nú sé erfiðara að snuða þær á markaðnum, kaupmenn hafi

stundað að gefa þeim rangt tilbaka þegar þær selja afurðir. Eldri karlmaður segist vilja „sjá ljósið“ og á þá við að hann hafi alltof lengi setið í myrkri fáfræðinnar, nú opnast honum bækur. Gömul kona komin á eftirlaun segist alltaf hafa þráð að lesa, nú að lokinni langri starfsævi sé kominn tími til að setjast á þann skólabekk sem hún fékk ekki í æsku.



Kennslan fer fram í forsælu trjáanna. „Sjáið bara, ég get skrifað nafnið mitt” segir ein kvennanna stolt. Amelia. Lexíurnar eru af segulbandi undir stjórn kennara og allir fá bækur.



Stafrófið mun gera yður frjálsta! Eða nokkurn veginn þannig, Á tæknimáli þróunarsamvinnu heitir það víst „valdeffling” eða „sjálfseffling” þeirra sem eiga undir högg að sækja.





Sumar segjast jafnvel ætla að verða kennarar í framtíðinni, læra nóg til þess að komast í formllegt nám og fá stöðu.

Jafnvel einföldustu heilræði í daglega lífinu eru þeim hulin sem ekki kunna að lesa. Fimm góð ráð til að hala góðri heislun eru jafn mörg og fingur handarinnar: Einföld skilaboð, en þeim sem ekki les er þetta leyndardómur.





En ekkert mál í þróunarsamvinnu er án álita. Í löndum eins og Malaví og Mósambík er grunnfræðsla barna í molum. Skólar eru húsnæðislausir, kennarar illa menntaðir, námsgögn af skornum skammti og skólabókasafnið tóm. Brottfall er gríðarlegt, og meira hjá stúlkum en piltum. Skólakerfið er svo lélegt að stöugt koma fram nýjar kynslóðir ólæsra landsmanna sem fullorðinnafræðslan þarf að taka við á síðari æviárum. Aðeins lítið brot mun njóta.

Á naumt skammtað fé til menntamála að renna frekar til grunnmenntunar barna en eldri kynslóða sem líða fyrir menntunarskort í æsku?

Tölfræðin segir okkur að helmingur þessara barna muni detta úr grunnskóla áður en lokaprófi er náð. Hver kennari hefur 50-60 börn í bekk, og sumir allt upp í 120 þar sem verst lætur. Margir bekkir hafa ekki neina skólastofu og þá ekki borð eða stóla. Skriffæri og bækur eru af skornum skammti.